

sjonvarpi. Auglysingarnar syna fórnarlömb og lögrellumenn segja frá eigin reynslu af umferðarslysnum sem ólvaðir ökumenn ollu.

„Við tókum saman rýnhóp skipaðan ungu fólk á aldrinum sautján til tuttugu og fimm ára. Pau sögðu að sögur og frásagnir af svona slysum, hefðu helst áhrif á sig,“ segir Ragnheiður. Hún er bjartsýn að

## Bílstjórar fá óafengan drykk

Annar liður átaksins felst í því að veita bílstjórum óafengan drykk, þeim að kostnaðarlausu, á oldurhúsum bæjarins. Átakið var kynnt á Players í Kópavogi í gær. Að sögn Áðalsteins Gunnarssonar, framkvæmdastjóra IOGT, var staðurinn valinn til að vekja athygli á

ir að það sé sérstaklega brýnt að minnast á þetta þessa dagana, á meðan HM í knattspyrnu er í fullum gangi. Margir stelist til þess að fá sér einn bjór eða svo yfir leik og keyri síðan heim. „Petta er okkar áminning til fólks, að aka edrú,“ segir Áðalsteinn og biður ökumenn að láta sér nægja að panta gos á barnum.

## Gengi Finna að áfengi hafi haft slæm áhrif.

Hann hefur áhyggjur af þróuninni hér á landi og óttast að Íslendingar séu að færast nær Finnum í drykkju. Þessu verði að sporna við með átökum sem þessum.

virði en af því hefur ekki orðið.

„Ég hefði samt halddi að [kröfuhafar] myndu hámarka verðmæti eigna sinna með því að ganga til samninga við viðskiptavini á sambærilegum kjörum og aðrir. Því ef hinn kosturinn er sá að fólk borgi ekki, þá situr bankinn að öllum líkindum uppi með eignir sem eru illseljanlegar og munu lækka í verði.“

# Pora vart að sækja í framlengingu

- Hagfræðingur kynnir rannsókn á því hvernig breyta megi hvötunum sem verka á knattspurnumenn í framlengingum
- Hægt að fjölga mörkum í framlengingum með því að hafa vítaspyrnukeppni á undan

Hlynur Orri Stefánsson  
hlynurorri@mbl.is

„Ef hugmyndin að baki framlengingu er að hún eigi að vera tæki til að knýja fram úrslit leikja, þá hefur það gjörsamlega mistekist enda er ekkert mark skorað í meirihluta framlenginga,“ sagði hagfræðingurinn Liam J.A. Lenten í fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær. Í fyrirlestri sínum fjallaði Lenten um þá hvata sem virka á knattspurnumenn í framlengingum og breytingar sem gætu gert leikinn skemmtilegri.

Eðileg skýring er á því að framlengingar (þ.e. sá tími sem bætt er við í útsláttarkeppnum ef ekkert mark er skorað í heðbundnum leiktíma) eiga það til að vera heldur leiðinlegar, þar sem bæði lið virðast bíða eftir vítaspyrnukeppni frekar en að reyna að gera út um leikinn. Rannsóknir hafa nefnilega sýnt að flest lið ofmeta líkurnar á að þau vinni vítaspyrnukeppni, sagði Lenten.

Ein leið til að breyta hvatanum sem virkar á knattspurnumenn í framlengingum væri að láta vítaspyrnukeppni fara fram áður en framlengingin hefst, og láta vítaspyrnukeppna aðeins gilda ef ennþá er jafnt eftir framlenginguna. Pannig hefði það lið sem skorar úr færri vitum í raun engu



Morganblaðið/Árni Sæberg

**Knattspyrna og hagfræði** Lenten segir íþróttaleiki vera gullnámu upplýsinga sem haegt sé að greina með kenningum og aðferðum fræðanna.

að tapa og ætti því að vera sókndjarf.

### Skora gjarnan aftur

Lenten, sem er fræðimaður við La Trobe-háskólanum í Ástralíu, hefur ásamt samstarfsmönnum sínum beitt hefðbundnum tækjum hagrannsókná til að segja fyrir um hvaða áhrif áðurnefnd breyting hefði á hversu mórg mörk væru skoruð í framlengingu.

Þar sem reglan hefur aldrei verið innleidd burftu hagfræðingarnir að fá aðstæður sem eru svipaðar og ef reglan væri í gildi. Þeir ákváðu því að kanna hvernig leikurinn breytist við það að annað liðið skorar snemma

í framlengingu, enda hefur hitt liðið þá hag af því að sækja en í raun engu að tapa, rétt eins og ef það hefði skorad fleiri mörk í vítaspyrnukeppni sem þegar hefði farið fram.

I ljós kom að þegar annað liðið skorar á fyrstu fimm mínútum framlengingar eru að meðaltali skoruð 1,2 mörk til viðbótar eftir það, en í hefðbundið inni framlengingu eru einungis skoruð að meðaltali 0,7 mörk. Lenten og félagar greindu um 120.000 knattspyrnuleiki sem háðir voru um allan heim, og

### VELJA AÐ SKUTLA SÉR

## Lítur illa út að standa

Leikmenn skjóta í 25% tilfella beint á markið úr vítaspyrnum en markmenn standa aðeins kyrr í miðju markinu í 6% tilfella. Þessa niðurstöðu nefndi Lenten sem dæmi um fleiri niðurstöður í „hagfræði íþróttá“ sem sé sifellt vinsælla viðfangsefni. Við rannsóknir sínar ganga hagfræðingar út frá því að íþróttamenn hegði sér, líkt og aðrir, almennt skynsamlega – „jafnvel þótt íþróttamenn virki oft frekar vitlausir“, sagði Lenten. En hvers vegna standa markmenn þá ekki oftar kyrrir? „Þeir vilja ekki verða sér til skammar,“ sagði Lenten og bent í hversu kjánalega það litu út þegar markmaður stæði kyrr en sá sem tæki

vitið skyti í annað hvort hornið.



uppfylltu 440 leikir skilyrði tilraunarinnar.

Tölnnar benda til að hægt væri að lækka hlutfall framlenginga þar sem ekki mark er skorað niður í 25% með umræddri breytingu, segir Lenten. „Reglur í íþróttum hafa svipuðu hlutverki að gegna og almennar samfélagsreglur og hafa ekki síður áhrif á hvatana sem verka á fólk en t.d. skattareglur.“

### FIFA tregt til breytinga

Lenten hefur reynt að veika at-hugli Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, á rannsókninni. „FIFA er bekkt fyrir íhaldsssemi svo það er óvist að það takist,“ segir Lenten, en vonast til að umfjöllun sem mun birtast í breska blaðinu Times síðar í sumar opni augu sambandsins.

Ýmsir gallar hafa verið fundnir á vítaspyrnukeppnum, bendir Lenten á, svo sem hversu tilviljunarkennd útkoman úr sílum keppnum oft er. Einnig reyna þær aðeins á afmarkaðan hluta af hæfileikum knattspurnumanns og verða oft til þess að sökin á tapi liðs lendir öll á einum leikmanni. Með umræddri breytingu er að hluta til bætt úr hinu síðast-nefnda, enda hefði leikmaðurinn þá þrjátíu mínútur til að bæta fyrir mis-tókin.